

Stjórnarfundur SÍSL

haldinn að Lágholti 1

fimmtudaginn 12. febrúar kl. 9,15

Mættir á fund voru Birgir D. Sveinsson, Stefán Ómar Jakobsson og Össur Geirsson

1. **NoMU fundur á Íslandi.** Rætt um NoMU fund sem SÍSL og SÍL standa fyrir í maí næstkomandi. Ákveðið að boða stjórn SÍL á næsta fund.
2. **Gamalt efni.** Birgir kynnti gamla vídeóupptöku frá landsmóti á Akranesi 1987. Upptakan kemur frá Guðmundi Norðdahl. Áhugavert efni og mikil heimild. Einnig kynnti hann annað gamalt efni frá Skólahljómsveit Mosfellsbæjar og Lúðrasveit Æskunnar.
3. **Heimsóknir.** Fyrirspurn hefur borist frá Sandefjord í Noregi um heimsóknarskipti. Vísað áfram til hljómsveitarinnar í Reykjanesbæ. Von er á norskrri skólahljómsveit í heimsókn til Kópavogs í júní og á landsmót SÍL í vestmannaeyjum koma norskt brassband og finnsk lúðrasveit.
4. **Ýmis erindi.** Ýmis erindi sem borist hafa stjórn SÍSL tekin til umræðu. ekkert bitastætt þar fyrir samtökin eða aðildarsveitir.
5. **Styrkur frá Menntamálaráðuneyti.** Ekki hefur borist svar frá ráðuneytinu varðandi rekstrarstyrk fyrir árið 2004. Stefán Ómar ætlar að ræða við ráðherra.
6. **Landsmót.** Stefnt er að því að halda landsmót í Reykjavík í haust, í umsjón Skólahljómsveitar Grafarvogs. Þarf að fara að ákveða dagsetningar og leggja drög að dagskrá. Stefnt skal að því að undirbúningi sé að mestu lokið fyrir vorið og að drög að dagskrá liggja þá fyrir. Jón Hjaltason stjórnandi hljómsveitarinnar í Grafarvogi verður boðaður á næstu stjórnarfund til að ræða málið.
7. **LÆ.** Rætt um starf LÆ. Stjórnarmenn sammála um að starf Tryggva með sveitinni síðasta haust hafi verið jákvætt og uppbyggilegt. Rætt um hvort keyra eigi LÆ samhliða landsmóti eða ekki.
8. **Útgáfa.** Athuga á með að gefa út nokkur lög í svipuðum stíl og þau lög sem voru síðasta pakka, fyrir vorið. Þau væri þá hægt að nota á landsmótinu í haust.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 10:00

Össur Geirsson

ritari.

Stjórnarfundur SÍSL

haldinn í Skólahljómsveit Kópavogs þriðjudaginn 23. mars kl. 08:30

Mættir á fund voru Birgir D. Sveinsson, Stefán Ómar Jakobsson, Össur Geirsson og Jón Hjaltason

1. **Landsmót.** Jón Hjaltason gerði grein fyrir stöðu mála. Búið er að ganga frá húsnæði fyrir gistingu og tónleika. Dagsetningar helgast af vetrarleyfum grunnskólanna í Reykjavík og verður mótið því haldið dagana 5. til 7. nóvember 2004. Gist verður í Foldaskóla og Rimaskóla, en tónleikar verða haldnir í Íþróttamiðstöðinni Dalhúsi. Sundlaug er þarna rétt við hliðina og aðstaða öll nokkuð góð. Rúta verður á staðnum á vegum mótshaldara til að léttu undir með flutning milli skóla, ef þörf reynist á slíku. Hugmynd er að fá inni á einhverjum stöðum í borginni til að sveitirnar geti haldið sína eigin tónleika á meðan á mótinu stendur. Ráðhúsið er frátekið fyrir okkur á föstudeginum til slíks tónleikahalds og einnig er möguleiki á tónleikum í göngugötunni í Mjóddinni og víðar. Hugsanlega geta minni hópar og fámennari lúðrasveitir spilað í verslunarmiðstöðvum og víðar þar sem minna pláss er fyrir hendi. Stefnt er að því að dagskrá laugardagsins verði alfarið í Grafarvogi. Rætt um mótssetningu og framkvæmd hennar. Rætt um lög fyrir sameiginlega tónleika og tillögur gerðar að eftirtöldum lögum:

- Fyrir A og B sveitir:
 - Hagavagninn
 - Kyrrð
 - Tveir fílar lögðu af stað í leiðangur
 - Lagið um litina
- Fyrir C og D sveitir
 - Þytur
 - Tjarnarmars
 - Fanfare
 - Öxar við ána

Einnig var ræddur sá möguleiki að láta allar sveitirnar (A, B, C og D) spila saman eitt lag og þá helst Öxar við ána í útsetningu Malcolm Hallows. Einnig þóttu Marsbúa cha-cha og Ryksugulagið koma til greina.

Einnig var rætt um hvort ekki væri lag að tölvusetja Tjarnarmarsinn fyrir mótið, en hann er nú eingöngu til í handskrifuðum ljósritum.

Ýmis atriði rædd varðandi framkvæmd og tímaáætlun vegna mótsins. Miðað við að þátttökusveitir verði búnar að tilkynna þátttöku og fjölda þáttakenda fyrir 25.

september í haust. Rætt um hvort fara eigi fram á greiðslu staðfestingargjalds. Óskað verður eftir grófum hugmyndum um fjölda þátttakenda strax í vor.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 09:30. Strax að þessum fundi loknum hófst sameiginlegur fundur SÍSL og SÍL. Fundargerð þess fundar ritaði Atli Týr Ægisson ritari SÍL.

Össur Geirsson

ritari.

Stjórnarfundur SÍSL

haldinn í Skólahljómsveit Kópavogs
miðvikudaginn 28. apríl kl. 08:30

Mættir á fund voru Birgir D. Sveinsson, Stefán Ómar Jakobsson og Össur Geirsson.

1. **NoMU.** Rætt um fyrirhugaðan fund NoMU í Reykjavík helgina 7. – 9. maí. Birgir verður fulltrúi SÍSL á fundinum. Rætt um móttöku fyrir fundarmenn í Tónlistarskóla Hafnarfjarðar, til að sýna þeim skólann og jafnvel að fá klarinettukvartett til að leika 2 – 3 lög við það tækifæri. Þá yrði farið á veitingahúsið Fjöruna í beinu framhaldi af móttökunni. Stefán Ómar tekur að sér að vinna þessi mál. Einnig rætt um möguleika á því að fara með hópinn á Þingvöll. Birgir mun ganga frá skýrslu SÍSL og flytja hana á fundinum. Ákveðið að boða stjórn SÍL á næsta fund okkar til að ganga frá lausum endum fyrir fundinn.
2. **Landsmót.** Mótshaldarar eru að undirbúa mótið og von er á bréfi frá þeim innan skamms.
3. **Útgáfa.** Ákveðið að fresta frekari nótnaútgáfu að sinni.
4. **LÆ.** Birgir hefur ekki náð sambandi við Bernhard Wilkinson til að athuga hvort hann gæti tekið að sér stjórnun LÆ næsta haust, en hefur frétt að mikið sé umleikis hjá honum og ólíklegt að hann fái til verksins. Birgir mun athuga með aðra íslenska stjórnendur. Ekki er ráðlegt að sinni að fá erlendan stjórnanda fyrir LÆ, fjárhagur SÍSL er ekki tilbúinn í það auk þess sem miðaða er við þrjár helgar á næsta hausti og því hentugra að hafa Íslending í verkinu. Stefnt er að æfingahelgum 15. – 17. október og 29. – 31. október, tónleika 31. október og á landsmótinu 7. nóvember. Ræddar hugmyndir um að fá atvinnuhljóðfæraleikara til að koma inn á æfingahelgarnar með einhvers konar “master-class” fyrir þátttakendur.
5. **Kveðja frá Kanada.** Birgir kom með kveðjur frá Denis Beck, formanni kanadískra hljómsveitasamtaka, sem heimsótti okkur síðasta sumar. Hann hefur sent okkur nótur af kanadískum lögum sem forvitnilegt verður að kíkja á.
6. **Dagur lúðrasveitanna.** Hafnarfjarðarbær er mjög jákvæður gagnvart því að fá hljómsveitir í heimsókn í bæinn þann dag. Bæjaryfirvöld munu leggja til íþróttahúsið við Strandgötu, hátíðarflöggun í bænum og auglýsingar. Foreldrafélag Skólahljómsveitarinnar í Hafnarfirði hefur hafið vinnu við að undirbúa daginn og nú er bara að vonast til að sem allra flestar sveitir sjái sér fært að mæta í Hafnarfjörðinn þann 5. júní. Nánari tilhögun verður auglýst síðar. Stefnt er að því að hengja borða með merkjum samtakanna yfir Strandgötu og skipuleggja skrudgöngur sem víðast, auk þess að þær sveitir sem ekki marsera fái aðstöðu til að leika sína tónlist sem víðast um bæinn. Stjórn SÍSL lýsir yfir mikilli ánægju með þennan framgang mála.

**Næsti fundur ákveðinn kl. 08:30, þriðjudaginn 4. maí í húsnæði
Skólahljómsveitar Kópavogs.**

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 10:00

Össur Geirsson
ritari.

Stjórnarfundur SÍSL

haldinn hjá Skólahljómsveit Kópavogs
Þriðjudaginn 4. maí 2004 kl. 08:30

Mættir á fund voru Stefán Ómar Jakobsson og Össur Geirsson frá SÍSL og Vilborg Jónsdóttir og Jón Ingvar Bragason frá SÍL.

1. **NoMU fundur.** Skipulag fundarins um næstu helgi rætt. Fundargestir koma kl. 16 á föstudag, nema Finnarnir sem koma á miðvikudag og fimmtudag. Fundur hefst á föstudegi kl. 18.00 og kvöldverður kl. 20:00. Farið yfir matseðla þá sem í boði eru. Laugardagur: fundur frá kl. 9 – 13. Seinni hluti laugardagsins verði notaður í útsýnisferðir fyrir útlendingana. Niðurstaðan varð sú að leigja 14 manna bíl og keyra í Bláa Lónið og koma við í Svartsengi á bakaleiðinni. Þaðan verður farið í Tónistarskólann í Hafnarfirði, þar sem gestum verður boðið að skoða skólann og klarínnettukvintett undir stjórn Ármanns Helgasonar mun leika nokkur lög.. Eftir það verður farið á veitingahúsið Fjöruna í Hafnarfirði og snæddur kvöldverður. Eftir kvöldverð væri þá hægt að aka hring um Reykjavík á leiðinni inn á hótél. Á sunnudeginum er svo aftur fundur frá kl. 9 til 13 og þá fara erlendu gestirnir beint í flug.
2. **Dagur lúðrasveitanna.** Undirbúningur í góðum farvegi hjá Stefáni Ómari og félögum hans í Hafnarfirði. Rætt um að bjóða upp á veitingar í lok dagsins, t.d. pylsur og drykki. Reyna á að fá kostendur í það verkefni. Næsta skref er að athuga með þátttöku og ætla Hafnfirðingar að hringja út á næstu dögum og heyra hljóðið í fólki. Vonandi sjá sem allra flestir sér fært að mæta í Hafnarfjörðinn þennan dag.

3.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 10:00

Össur Geirsson

ritari.

Fundargerð 2004-05 --- 1. júní

Dagsetning:

Tue, 01/06/2004

Stjórnarfundur SÍSL

haldinn að Lágholti 1

priðjudaginn 1. júní 2004 kl. 09:30

Mættir á fund voru Birgir D. Sveinsson, Stefán Ómar Jakobsson og Össur Geirsson.

1. **Landsmót.** Borist hefur athugasemd frá Kára Einarssyni á Seltjarnarnesi vegna tímasetningar landsmótsins, þar sem það kemur inn í vetrarfrí þeirra. Reynt var að boða Jón Hjaltason á fundinn vegna þessa en ekki náðist í hann. Ljóst er að vetrarfrí eru á mismunandi tímum milli sveitarfélaga og jafnvel innan sveitarfélaga og því erfitt að finna helgi sem öllum hentar.
2. **Dagur lúðrasveitanna.** Rætt um dag lúðrasveitanna sem haldinn verður hátíðlegur þann 5. júní nk. Tímasetningar ræddar. Byrjað verður fyrr við Hrafnistu og Suðurbæjarlaug en aðra staði (12:45) Búið er að framleiða barmmerki vegna dagsins og munu allir þátttakendur fá eitt slíkt. Marseringaleiðir nokkuð langar, ákveðið að stytta þær eitthvað.
3. **NoMU fundur.** Farið yfir NoMU fundinn sem haldinn var hér á landi í maí. Fundarhöld gengu vel alla helgina. Skipulagið var nokkuð gott bæði hvað varðar fundina sjálfa og útsýnisferðir sem farnar voru. Fundargestir voru almennt mjög ánægðir með helgina. Norræna blásarasveitin heldur áfram að festa sig í sessi. Næsta námskeið verður í Stokkhólmi í sumar og árið 2005 verður námskeið í Færeyjum. Rædd var sú hugmynd að benda á Bernhard Wilkinson sem stjórnanda á námskeiðinu í Færeyjum. Litháen er á leið inn í NoMU og líklegt má telja að Norræna Blásarasveitin verði þar árið 2006. Svíar eru með hugmyndir að sameiginlegum æfingum með sífónískum sveitum og blásarasveitum í Kalmar. Fleiri hljómsveitarmót eru víða um Svíþjóð á hverju ári, en líkl. hentar Gautaborgarfestivalið í júní best fyrir okkur Íslendinga vegna tímasetningarinnar, því mörg önnur mót eru í maí. Hugmynd hefur komið fram um það í Svíþjóð að leggja mótið í Norrköping af og stækka Gautaborgarhátíðina.
4. **Nótur.** Birgir sýndi nótur sem borist hafa frá Denis Beck frá Kanada, en hann heimsótti okkur síðastliðið sumar. Nótturnar fara í nótnasafn LÆ.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 10:30

Össur Geirsson

ritari

Fundargerð 2004-07 --- 14. september

Dagsetning:

Tue, 14/09/2004

Stjórnarfundur SÍSL

haldinn í Foldaskóla, Grafarvogi

Þriðjudaginn 14. september 2004 kl. 09:00

Mættir á fund voru Birgir D. Sveinsson, Stefán Ómar Jakobsson, Össur Geirsson og Jón Hjaltason.

1. Landsmót SÍSL. Rætt um undirbúning og fyrirkomulag landsmóts. 15 sveitir hafa boðað þátttöku á mótinu en enn er beðið svara frá nokkrum sveitum. Drög að dagskrá gera ráð fyrir mætingu snemma á föstudeginum og tónleika út um borg og bý fram eftir degi, m.a. í Ráðhúsi Reykjavíkur. eftir kvöldverð verði æfingar á sameiginlegu efni sem spila á við mótsslitin.

Á laugardeginum verða aðaltónleikar mótsins þar sem allar sveitir koma fram og leika sína efnisskrá. Gert er ráð fyrir tíma í sund á milli tónleika. Rætt um að hafa fleiri tónleika en styttri. Hugsanlegt að sveitir sem spili á einum tónleikum mæti sem gestir á aðra tónleika og eigi svo frí á þeim þriðju til að fara í sund. Rætt um að hafa mótssætninguna á laugardeginum strax eftir hádegið. Sveitirnar marseri inn í höllina með fánum og fínheitum. Fulltrúi Reykjavíkurborgar mun mæta og setjið mótið.

Á sunnudeginum er uppi sú hugmynd að hafa opið í skautahöll þeirra Grafarvogsbúa og skemmta sér smástund við skautahlaup. Mótsslitin yrðu svo strax eftir hádegið með sameiginlegum tónleikum allra sveita auk þess sem LÆ myndi koma þar við og leika 2 - 3 lög. Rætt um að hafa eitthvað sprell á mótsslitunum til að létta yfirbragð þeirra.

Sameiginlegu lögin: Eftir nokkrar umræður var ákveðið að taka Tjarnarmarsinn út a sameiginlegri efnisskrá C-D sveita, þar sem meiri tíma þarf til að tölvusetja marsinn með leiðréttingum og viðbótum frá Páli Pampichler. Hugmynd kom fram um að nota í staðinn **The Thunderer** eftir John Philip Sousa, því þann 6. nóvember eru einmitt liðin 150 ár frá fæðingu hans.

Ákveðið að Jón Hjaltason sendi út sem fyrst bréf til allra sveitanna með upplýsingum um mótið og fyrirkomulag skráningar.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 10:30

Össur Geirsson

ritari.

Fundargerð 2004-08 --- 8. október

Dagsetning:

Fri, 08/10/2004

Stjórnarfundur SÍSL

haldinn hjá Skólahljómsveit Kópavogs

föstudaginn 8. október 2004 kl. 09:30

Mættir á fund voru Birgir D. Sveinsson, Stefán Ómar Jakobsson og Össur Geirsson. Kári H. Einarsson sat síðari hluta fundarins.

1. **Lúðrasveit Æskunnar.** Mestur tími fundarins fór í að ræða málefni LÆ og stöðu hljómsveitarinnar í dag. Ljóst að við þurfum að endurskoða hljómsveitina, bæði markmið hennar og framkvæmd. Enn sem fyrr eru umsækjendur einungis frá sömu hljómsveitunum og áður, með ánægjulegri fjölgun umsókna frá Hornafirði. Fjórar hljómsveitir eiga um 80% þátttakenda og því einungis um 20% sveitarinnar úr öðrum hljómsveitum á landinu. Kári Einarsson hljómsveitarstjóri frá Seltjarnarnesi kom á síðari hluta fundarins og gerði grein fyrir því hvers vegna engar umsóknir koma frá hans hljómsveit. Orsakanna þar að leita í miklum önnum hans sveitar og litlum áhuga hljóðfæraleikaranna á að bæta LÆ á sína dagskrá.

Fleira ekki gert og fundi slitið um kl. 11:00

Össur Geirsson

ritari.

Fundargerð 2004-09 --- 26. október

Dagsetning:

Tue, 26/10/2004

Stjórnarfundur SÍSL

haldinn hjá Skólahljómsveit Kópavogs

Þriðjudaginn 26. október 2004 kl. 09:00

Mættir á fund voru Birgir D. Sveinsson, Stefán Ómar Jakobsson og Össur Geirsson.

Jón Hjaltason, mótshaldarai næsta landsmóts var boðaður á fundinn en boðaði forföll vegna veikinda.

Föstudagur 29. okt.

17:00 - 19:00	Samæfing
19:00 - 19:30	Nestishlé
19:30 - 21:00	Samæfing

Laugardagur 30. okt.

10:00 - 12:15	Samæfing
12:15 - 13:15	Hádegishlé (Boðið upp á pizzur)
13:15 - 15:00	Samæfingar og/eða raddæfingar
15:00 - 15:30	Miðdegishlé
15:30 - 17:00	Samæfing

Sunnudagur 31. okt.

12:00 - 13:15	Uppstilling og stutt æfing í Ráhúsi Reykjavíkur
13:15 - 14:00	Tími til að snurfusa sig aðeins fyrir tónleikana
14:00 - 15:00	Tónleikar í Ráðhúsi Reykjavíkur.

1. **Landsmót.** Aðalefni þessa fundar var komandi landsmót og framkvæmd þess. Stjórn SÍSL hefur nokkrar áhyggjur af framkvæmd mótsins, upplýsingaflæði frá mótshaldara hefur verið lítið, bæði varðandi þátttöku og skipulag dagskrár. Einnig er hætt við að

verkfall grunnskólakennara setji strik í reikninginn með gístiaðstöðu, verði ekki búið að leysa vinnudeiluna fyrir landsmót. Hringt var í Jón Hjaltason af fundinum til að fá upplýsingar um framgang mála. Fram kom m.a. að fundur yrði hjá mótshöldurum í kvöld, þar sem gengið verður frá ýmsum málum. Jón beðinn um að senda frekari upplýsingar út til þátttökusveitanna. Rætt um hvort stjórn SÍSL eigi að skipta sér meira af skipulagningu landsmóta í framtíðinni, en það hefur verið stefnan hingað til að mótshaldarar séu ábyrgir fyrir landsmóti hverju sinni. Ljóst er að á næsta aðalfundi þarf að taka upp ýmis mál sem varða skipulag landsmóta og Lúðrasveit Æskunnar. Það er því von á fjörugum fundi í Grafarvogi eftir rúma viku. Ákveðið að ítreka við mótshaldara að skila af sér fullbúinni dagskrá sem fyrst og boða fund með þeim á fimmtudagsmorgun til að ganga frá öllum lausum endum. Eftir því sem best er vitað verður þátttaka mjög góð á landsmóti, eða um 700 börn og unglingar, og því grundvöllur fyrir góðu og skemmtilegu móti.

2. **Lúðrasveit Æskunnar.** Rætt um framkvæmd síðustu æfingahelgar og farið yfir skipulag þeirrar næstu. Æfingar næstu helgar verða sem hér segir:
3. **Aðalfundur.** Farið yfir efni næsta aðalfundar. Nú er aðeins eitt ár frá síðasta aðalfundi, en samkvæmt lögum SÍSL skal halda aðalfund á hverju landsmóti. Ræddur möguleikinn á að kalla fundinn auka-aðalfund en fallið frá því. Fram kom að þeir sem nú skipa stjórn SÍSL eru farnir að hugsa sér til hreyfings enda löngu kominn tími á stjórnarskipti. Spurningin einungis hvort það gerist á aðalfundinum núna eða á Akranesi eftir ár.

Fleira ekki gert og fundi slitið um kl. 11:20

Össur Geirsson
ritari.

Fundargerð 2004-10 --- 28. október

Dagsetning:

Thu, 28/10/2004

Stjórnarfundur SÍSL

haldinn í Foldaskóla

fimmtudaginn 28. október 2004 kl. 08:30

Mættir á fund voru Stefán Ómar Jakobsson og Össur Geirsson ásamt Jóni Hjaltasyni mótshaldara næsta landsmóts. Birgir D. Sveinsson var forfallaður vegna utanlandsferðar.

1. Landsmót. Rætt var vítt og breytt um dagskrá komandi landsmóts. Að sögn mótshaldara hafa sveitir frá 15 stöðum boðað komu sína á mótið með samtals 700 hljóðfæraleikara í 26 hljómsveitum. Þátttökulistinn er sem hér segir:

- o Akranes 1 sveit
- o Akureyri 1 sveit
- o Austurbær (Rvk.) 1 sveit
- o Blönduós 1 sveit
- o Breiðholt og Árbær 2 sveitir

o	Garðabær	2 sveitir
o	Grafarvogur	3 sveitir
o	Hafnarfjörður	2 sveitir
o	Höfn í Hornafirði	1 sveit
o	Kópavogur	3 sveitir
o	Mosfellsbær	2 sveitir
o	Selfoss	2 sveitir
o	Seltjarnarnes	1 sveit
o	Vestmannaeyjar	1 sveit
o	Vesturbær (Rvk)	3 sveitir

Þetta verður að teljast dágóð þátttaka og boðar vonandi sterkt og skemmtilegt landsmót.

Þar sem dagskráin var ekki orðin fullmótuð fór talsverður tími í að sníða af henni ýmsa vankanta og ganga frá lausum endum. Í lok fundar var nokkuð góð mynd komin á hana en Jóni falið að ganga frá henni í endanlegri mynd og send út til sveitanna.

Dagskráin verður því nokkurnvegin á þessa leið (Birt með fyrirvara um breytingar, endanleg dagskrá kemur frá Jóni):

Föstudagur 5. nóvember.

- 12:00 - ?? Hljómsveitir mæta í Grafarvoginn (Foldaskóla) og fá léttu hressingu. Koma sér fyrir á glististöðum, ýmist í Folda- eða Rimaskóla
- 14:00 - Þátttökusveitir fá möguleika á að leika stutta tónleika í Reykjavík (Mjódd ,
18:00 Eiðistorg og Ráðhús Reykjavíkur)
- 18:00 - Kvöldverður í Foldaskóla
19:30
- 19:30 - Sameiginleg lög æfð í íþróttahúsi Fjölnis. Byrjað verður á sameiginlegu
22:00 efni A-B sveita, síðan efnið sem allar sveitir spila saman og endað á sameiginlegum lögum C-D sveitanna.
- Eftir samæfingu verður boðið upp á €æbíosýningar€□ á glististöðum (DVD og skjávarpi)

Laugardagur 6. nóvember

- 08:00 - Morgunverður
09:30
- 10:00 - Fyrri tónleikar A-B sveita í íþróttahúsi Fjölnis. Allar AB sveitir mæta á
11:30 tónleikana.
- 10:00 - CD sveitum gefst tækifæri á að fara í sund á þessum tíma.
11:30

- 11:30 - Hádegismatur
13:15
- 13:15 - Undirbúningur fyrir mótssetningu, sveitir stilla sér upp fyrir inngöngumars.
13:45
- 13:45 - Formleg mótssetning. Allar sveitir marsera inn í íþróttahús Fjölnis og stilla
14:15 sér upp á gólfinu.
- Örstutt ræðuhöld
- Yngstu nemendur sveita af höfuðborgarsvæðinu spila saman €œGóða mamma€□ í hljómandi B dúr.
- Útgöngumars
- 14:15 - Síðari tónleikar A-B sveita í íþróttahúsi Fjölnis. Allar AB sveitir mæta á
15:30 tónleikana.
- 15:30 - Hlé. Boðið upp á léttu hressingu í íþróttahúsinu (safi - kaffibrauð og/eða
16:00 ávöxtur) og tími gefst til að tæma búningsherbergin fyrir C-D sveitirnar.
- 16:00 - Tónleikar C-D sveita í íþróttahúsi Fjölnis. Allar AB og CD sveitir mæta á
17:15 tónleikana.
- 17:15 - Frágangur í íþróttahúsi og taka hljóðfæri og annað hafurtastk yfir í
18:00 gistiskóla.
- 18:00 - Kvöldverður.
20:00
- 20:30 - Lokaball. Jafnframt verður boðið upp á €œbíó€□-sýningar á giststöðum
00:30 eins og á föstudagskvöldinu.

Sunnudagur 7. nóvember

08:30 -
09:30

Morgunverður

09:00 -
11:45

Frjáls ærslatími. Ópið er í sundlaugina fyrir þá sem vilja og í skautahöllina fyrir þá sem vilja það. Það kostar 500 krónur í skautahöllina með skautaleigu, en ekki þarf að borga í sundlaugina. Þeir alhörðustu komast bæði í sund og á skauta.

10:00 -
12:00

Aðalfundur SÍSL

11:30 -
13:15

Matur

13:30 -
15:30

Mótsslit.

Lúðrasveit Æskunnar leikur nokkur lög

Lúðrasveit Verkalýðsins og Lúðrasveitin Svanur leika nokkra Sousa-marsa í tilefni af 150 ára afmæli marsakónsins knáa.

Í lok mótsslitanna verða sameiginlegu lög leikin:

AB sveitir

CD sveitir

Allar sveitir saman.

Birgir D. Sveinsson slítur mótinu.

Föstudagstónleikar. Ekki er búið að skipuleggja tónleika sveitanna á föstudeginum, m.a. vegna ónógra upplýsinga frá þátttökusveitum að sögn Jóns. Jón beðinn um að

skipuleggja þetta sem allra fyrst og koma upplýsingunum áframtil sveitanna. Tónleikar verða á Eiðistorgi, í Mjóddinni og í Ráðhúsi Reykjavíkur.

Máltíðir. Rætt um skipulag máltíða. Matreiðslumenn sem alla jafna sjá um mat í Foldaskóla og eru því heimavanir, skipuleggja máltíðir. Að sögn Jóns hafa þeir góða reynslu af skólamáltíðum og málin því í góðum höndum. Allar máltíðir eru í Foldaskóla. Gert er ráð fyrir um 140 manna hópum í mat í einu og að það taki um 90 - 120 mínútur að afgreiða alla í mat. Jón beðinn um að auglýsa vel fyrirkomulag máltíðanna.

Áhrif verkfalls á landsmótið rædd. Gert er ráð fyrir gistingum í skólastofum. Standi verkfall grunnskólakennara enn yfir þann 5. nóv. er gert ráð fyrir gistingu í miðrymum í Foldaskóla, íþróttasölum og tónlistarstofum sem eru opnar. Það ætti því að bjargast með gistingu þó verkfalli standi.

Tónleikar. Gert er ráð fyrir að allar sveitir komi á alla tónleika, með þeirri undantekningu að CD sveitum verður gefið tækifæri á sundferð á laugardagsmorgninum. Sveitirnar eru þá ýmist á tónleikun sem áhorfendur eða hljóðfæraleikarar. Baksviðs eru 6 búningsherbergi sem notuð verða til að pakka upp hljóðfærum, hita upp og stemma. Sveitirnar ganga síðan þaðan og inn í salinn þegar þeirra tími kemur. Þegar sveitir hafa lokið tónleikum eiga þær að ganga frá hljóðfærunum sínum og rýma til í búningsherbergjunum fyrir næstu sveit.

Séð verður fyrir nótnastatífum fyrir hljómsveitirnar á laugardagstónleikunum. Eitt sett af pákum er á staðnum og verður hljómsveitum raðað niður eftir því hvort þær þurfa pákur og/eða rafmagn fyrir sína tónleika. Einnig verður uppstillt trommusett, ein bassatromma á statífi og tvær sneriltrommur til staðar. Eitthvað verður af slagverki, en engin mallet hljóðfæri. Best er að hver sveit sjái um sitt handslagverk. Hver sveit þarf að sjá um sitt slagverk, statíf og annað hafurtask fyrir föstudagstónleika.

Mótssetning. Við mótssetningu eiga allar sveitir að marsera inn í íþróttasalinn, án hljóðfæra. Þær sveitir sem byrja tónleikana verða að vera búnar að hita upp og stemma áður en gengið er inn. Gengið verður í tvöfaldri röð inn í salinn eftir ákveðinni leið sem Jón mun kynna síðar og sveitirnar látnar stilla sér upp fyrir framan áhorfendapallana eftir ákveðnu kerfi.

Birgir D. Sveinsson formaður SÍSL mun bjóða gesti velkomna og Stefán Jón Hafstein setur mótið.

Þá munu nýliðar af höfuðborgarsvæðinu (krakkar sem hófu nám í haust) ganga inn og stilla sér upp fyrir frama sveitirnar. Þau spila saman lagið Góða mamma utanbókar (engin statíf) við gífurlegan fögnuð viðstaddra. Ekki er gert ráð fyrir trommuleikurum í þessum hóp, því nokkrir sérvaldir trommuleikarar frá Grafarvogi munu slá takt með hópnum. Jón beðinn um að senda nákvæmar upplýsingar um hvernig hann hugsar sér

Að þessu loknu er marserað út, í sömu röð og við innmarsinn. Gengið er baksviðs og niður í búningsherbergi og stórt opið svæði þær tvær sveitir sem byrja tónleikana marsera með út og ganga síðan inn aftur þegar allir eru komnir út úr salnum. Það tekur smá stund að stilla upp stólum og statífum fyrir tónleikana svo það verður ekkert stress. Aðrar sveitir sem spila á þessum tónleikum geta farið í sín búningsherbergi til að stemma og hita upp, en aðrir fara upp í áhorfendasvæðið og fylgjast með tónleikunum þaðan.

Aðalfundur. Aðalfundurinn verður að þessu sinni á sunnudagsmorgninum, þegar krakkarnir eru í sundi og á skautum. Við gefum okkur tvo tíma í fundinn.

Á fundinum var Jón beðinn um að hraða gerð endanlegrar dagskrár og senda út sem allra fyrst, helst samdægurs. Fram kom að Jón er að bíða eftir upplýsingum, ljósmyndum og lógóum hljómsveita. Þeir sem eru ekki búnir að senda slíkar upplýsingar inn geta haft samband við Jón í síma 864-4490 eða á netföngin SkolahljomsveitG@simnet.is og jonehja@mmedia.is

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 11:00

Össur Geirsson

ritari.

Fundargerð 2004-11 --- 9. nóvember

Dagsetning:

Tue, 09/11/2004

Stjórnarfundur SÍSL

haldinn hjá Tónlistarskóla Seljarnarness

fimmtudaginn 9. nóvember 2004 kl. 09:30

Viðstödd voru Kári H. Einarsson, Karen Sturlaugsson og Helga B. Arnardóttir

Ný stjórn. Nýjir meðlimir stjórnar skipuðu sér í stöður stjórnarinnar,

Kári H. Einarsson formaður stjórnar

Karen Sturlaugsson gjaldkeri

Helga B. Arnardóttir ritari

Landsmót. Rætt var um nýlokið landsmót. Nýkjörinn formaður hafði eftir mótið sest niður og sett saman sínar eigin hugmyndir um landsmót. Voru þær tillögur ræddar á fundinum og ákveðið að notast við þessar hugmyndir við næsta landsmót, sem verður á Akranesi.

Aðalfundur SÍSL. Ræddi stjórnin um tímasetningu aðalfundar og þá helst um hvort ekki væri þægilegra að hafa fundinn utan landsmótsins og þá einnig bjóða upp á annað efni fyrir stjórnendur og fulltrúa sveitanna, svo sem eins og námsskeið eða fyrirlesara, eða annað efni sem nýst gæti stjórnendum vel.

Nótnaútgafan. Voru útsetningar ræddar og hvort ekki væri áhugavert að virkja unga útsetjara til þess að koma með útsetningar og hugmyndir af efni.

Lúðrasveit Æskunnar. Starfsemi hennar rædd og þá mest kynningarstarfsemin út í hljómsveitunum og hvernig mætti bæta hana svo að ekki verði erfitt að manna stöður í sveitinni. Lagaval og stjórnendaval var líka á borðinu og hvort það væri ekki hægt að gera hvort tveggja hvetjandi fyrir þáttöku og mætingu.

Norræn samsipti. NOMU. Ákveðið var að hafa samband við Vilborgu og koma á fundi með henni við tækifæri.

Póstlistinn. Reyna að byggja upp póstlistann og það er draumur nýrrar stjórnar að fá svör við vinnunni og ábendingar og athugasemdir við efninu sem er að fara frá henni.

Meira var ekki rætt og fundi slitið.

Helga Björg Arnardóttir

ritari